



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

SG vélar ehf.
Mörk 6
765 Djúpivogur

Reykjavík 10. ágúst 2022
Tilv.: UMH22080008/8.14

Vísað er til erindis SG véla ehf. sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 5. ágúst sl. þar sem óskað er eftir undanþágu frá starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna sorpflutninga skv. 6. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fram kemur í erindinu að um sé að ræða tímabundið leyfi til að keyra 75 tonn af laxafóðri frá Fiskeldi Austfjarða, Djúpavogi, á viðurkenndan urðunarstað. Fóðrið sé um borð í fóðurpramma í Berufirði og verði flutt í land í sekkjum. Sótthreinsa eigi fóðurprammann sem fyrst vegna veirusýkingar í laxi og það sé ástæða undanþágubeiðninnar. Starfsleyfisumsókn hafi verið send til Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Samkvæmt 4. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Heilbrigðisnefndar Austurlands og Umhverfisstofnunar með tölvupóstum þann 8. ágúst sl. og bárust umsagnir samdægurs.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands kemur fram að um sé að ræða flutning á 75 tonnum af menguðu fóðri frá Fiskeldi Austfjarða á Djúpavogi sem þurfi að farga vegna sjúkdómsins blóðþorra sem hafi komið upp í laxeldi fyrirtækisins. Umsókn um starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit hafi verið móttekin þann 5. ágúst sl. Brýnt sé að úrgangurinn sé urðaður sem fyrst. Ljóst sé að ekki náist að uppfylla kröfu um fjögurra vikna auglýsingatíma á tillögu að starfsleyfi sem gerð sé krafa um í reglugerð nr. 550/2018. Umsækjanda hafi verið bent á þetta og athygli hans vakin á þeim möguleika að óska eftir undanþágu ráðherra frá kröfu um starfsleyfi. Heilbrigðisnefndin taki undir að brýnt sé að fóðrið sé urðað sem fyrst og því ríkar ástæður sem mæli með því að veita undanþágu frá starfsleyfi vegna sorpflutningana. Að framansögðu geri Heilbrigðisnefnd Austurlands ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága frá starfsleyfi vegna sorpflutninga SG véla ehf. á úrgangi frá Fiskeldi Austfjarða verði veitt. Þann 9. ágúst barst ráðuneytinu tölvupóstur frá Heilbrigðisnefnd Austurlands þar sem staðfest var að umsókn SG véla ehf. um starfsleyfi teldist fullnægjandi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands hafi umsókn um starfsleyfi borist þann 5. ágúst sl. en tillaga að starfsleyfi hafi ekki verið auglýst. Í beiðni umsækjanda komi ekki fram aðrar ástæður fyrir umsókn um tímabundna undanþágu en sú að ætlunin sé að sótthreinsa fóðurpramma vegna veirusýkingar í

laxi sem fyrst. Stofnunin fallist hinsvegar á að slíkt geti talist vera nægilega rík ástæða. Umhverfisstofnun telji því að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að heilbrigðisnefnd Austurlands telji starfsleyfisumsókn fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn. Stofnunin leggi til að undanþágan gildi þar til gefið verði út nýtt starfsleyfi en þó ekki lengur en til 31. desember 2022. Skilyrði fyrir undanþágunni verði að fylgja skilyrðum starfsleyfis sem í gildi er fyrir starfsemina og að fylgja skuli þeim kröfum sem mælt er fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Samkvæmt 4. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Samkvæmt 1. og 2. ml. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, sbr. 1. mgr., enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 skal útgefandi starfsleyfis vinna tillögu að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Fram kemur í beiðni SG véla ehf. og umsögnum Heilbrigðisnefndar Austurlands og Umhverfisstofnunar að flytja eigi 75 tonn af menguðu fódri á viðurkenndan urðunarstað þar sem farga þurfi fódri vegna sjúkdómsins blóðþorra, veirusýkingar sem komið hafi upp í laxeldi Fiskeldi Austfjarða í Berufirði. Fódrið sé um borð í fóðurpramma í Berufirði og verði flutt í land í sekkjum. Sótthreinsa eigi fóðurprammann og brýnt sé að úrgangurinn sé urðaður sem fyrst. Samkvæmt umsögn heilbrigðisnefndar liggi fyrir fullnægjandi umsókn um starfsleyfi sem barst 5. ágúst sl. Ljóst sé að ekki náist að uppfylla kröfu um 4 vikna auglýsingatíma á tillögu að starfsleyfi sem gerð sé krafa um í 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðisnefndin telji að brýnt sé að fódrið sé urðað sem fyrst og því séu ríkar ástæður sem mæli með því að veita undanþágu frá starfsleyfi vegna sorpflutningana. Umhverfisstofnun telur að sótthreinsun fóðurpramma vegna veirusýkingarinnar geti talist nægilega rík ástæða til að veita undanþágu frá starfsleyfi.

Í ljósi framangreinds fellst ráðuneytið á að veita SG vélum ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna flutnings á 75 tonnum af laxafóðri frá Fiskeldi Austfjarða, Djúpavogi, á viðurkenndan urðunarstað að því tilskildu að fyrirtækið fylgi skilyrðum starfsleyfis sem í gildi er fyrir starfsemina, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum, útgefnum í desember 2006, og lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Sérstaklega ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Undanþágan gildir þar til starfsleyfi verður gefið út en þó ekki lengur en til 31. desember 2022.

Heilbrigðisnefnd Austurlands skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands, Umhverfisstofnun